


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Slða 1 af 3	Uppeldisfræði (UPPE3MU05) í fjarnámi Námsáætlun (vorönn 2018)	

Nafn kennara:	Hrafnhildur S. Sigurgeirsdóttir	Sk.stöfun:	HRS
----------------------	---------------------------------	-------------------	-----

Áfangalýsing:

Í áfanganum er farið í hvað einkennir uppeldismál á Íslandi og hlutverk leik-, grunn- og framhaldsskóla eins og þau koma fram í opinberum gögnum. Farið er yfir hugmyndafræði, markmiðssetningu og skipulag valinna uppeldis- og/eða menntunarstofnana. Nemandinn kynnr sér jákvæða áhrifaþætti í uppeldi barna, s.s. listir, barnaheimspeki, fjölmiðla, tölvunotkun o.fl. Einnig erfiða þætti sem hafa áhrif á félagsmótun barna og unglunga t.d. ólíkar þroskahamlanir, áföll, geðraskanir, kvíðavaldar o.þ.h. Nemandinn kynnr sér lagalegan rétt barna, bæði á Íslandi og annarstaðar, hverjum beri að gæta réttinda þeirra og þær stofnanir sem fara með mál barna. Nemandinn kynnr sér merkingu uppeldisfræðilegra hugtaka s.s. greind, agi, klámvæðing, forvarnir og jafnrétti. Áhersla er lögð á sjálfstæði nemanda og samvinnu við skipulagningu og upplýsingaleit. Nemandi hefur nokkurt val um viðfangsefni og er ætlað að kynna niðurstöður verkefna sinna fyrir öðrum.


Markmið:

Þekkingarviðmið: Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- markmiðum leik-, grunn- og framhaldsskóla
- eftirliti og umsjón með uppeldi barna á Íslandi
- réttindum og skyldum barna og unglunga skv. lögum
- ákveðnum áhrifaþáttum í uppeldi, bæði jákvæðum og neikvæðum
- nokkrum hugtökum sem tengjast umhverfi barna og unglunga
- mikilvægi góðs undirbúnings hvað varðar upplýsingaöflun og skipulag
- helstu hugtökum og kenningum

Leikniviðmið: Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- skoða innra starf leik-, grunn- og framhaldsskóla og þeirra stofnana sem gæta hagsmuna barna og unglunga
- greina einkenni samskipta- og agavandamála
- lesa og skilja Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og barnaverndarlög
- beita hugtökum á skýran og skilmerkilegan hátt
- setja fram spurningar og taka þátt í umræðu um uppeldisleg málefni
- miðla fræðilegu efni í ræðu og riti
- beita grundvallaraðferðum í forvörnum

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 3		
Uppeldisfræði (UPPE3MU05) í fjarnámi		
Námsáætlun (vorönn 2018)		


Hæfniviðmið: Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- afla sér upplýsinga um uppeldis- og menntamál, greina aðalatriði þeirra og nýta sér til frekari vinnslu
- meta aðbúnað barna og unglunga út frá sáttmálum, lögum og reglugerðum
- meta siðferðileg álitamál í tengslum við uppeldi og menntun
- sýna frumkvæði og hæfni í sjálfstæðum vinnubrögðum í verkefnum og í prófum
- kynna verkefni á skapandi hátt
- meta eigin frammistöðu og annarra á gagnrýninn hátt

Námsgögn: Uppeldi; kennslubók fyrir framhaldsskóla eftir Guðrúnu Friðgeirsdóttur og Margréti Jónsdóttur , 3. útgáfa 2005. Annað efni sem kennari afhendir nemendum.

Áætlun um yfirferð:

Vika	Námsefni (bóklegur hluti)	Verkefni
3	Listir í lífi barna og barnamenning bls. 121-132.	Verkefni. Skiladagur 21. jan. Gildir 10%
4	Barnateikningar bls. 133-148.	Verkefni. Skiladagur 28. jan. Gildir 10%
5	Börn og bækur bls. 149-161.	Verkefni. Skiladagur 4. feb. Gildir 10%
6	Börn, fjölmiðlar og samfélagsmiðlar bls. 162-178.	Verkefni. Skiladagur 11. feb. Gildir 10%
7	Leikur og leikföng bls. 179-200.	Verkefni. Skiladagur 18. feb. Gildir 10%
8	Íþróttir og uppeldi bls. 201-222.	Verkefni. Skiladagur 25. feb. Gildir 10%
9 – 10	Jákvæðir áhrifaþættir á uppeldi barna og unglunga: listir, bækur, heimspeki, fjölmiðlar, tölvan, íþróttir, áhugamál, vinir, dýr, mataræði, agi o.fl.	Verkefni. Skiladagur 11. mars. Gildir 10%
11 – 12	Erfiðir þættir sem hafa áhrif á félagsmótun barna og unglunga: geðræn vandamál, ofbeldi, vanræksla, sorgarferli o.fl.	Verkefni. Skiladagur 25. mars Gildir 10% Tímarit á bókasafni eða samþykktar vefheimildir
13	Páskafri	

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri Uppeldisfræði (UPPE3MU05) í fjarnámi Námsáætlun (vorönn 2018)	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 3 af 3		

14	Sérúrræði fyrir nemendur.	Verkefni. Skiladagur 8. apríl. Athugun á hinum ýmsu stofnunum sem veita börnum og unglíngum aðstoð með erfiðleika sína – Hugtakakort gildir 10%%
15 – 16	Heimsókn í leikskóla eða íþróttafélag.	Verkefni. Skiladagur 15. apríl. Gildir 10%
17 - 18	Geðraskanir barna og unglínga.	Verkefni. Skiladagur 6. maí. Gildir 10%

Námsmat og vægi námsþátta:

Matsform:			<input checked="" type="checkbox"/> Símat	<input type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
Námsmatsþættir	Lýsing námsmatsþátta				Vægi
Verkefni	Unnin jafnt og þétt yfir önnina (10 bestu gilda)				100%
		Samtals:			100%
Annað:					
Námsvefur VMA (Moodle) er notaður til að halda utan um öll kennslugögn, einkunnir, námsáætlun, glærur, verkefnalýsingar og skil á verkefnum					

Námsvefur VMA (Moodle) er notaður til að halda utan um öll kennslugögn, einkunnir, námsáætlun, glærur, verkefnalýsingar og skil á verkefnum

Námsáætlun er birt með fyrirvara um breytingar.

Dagsetning: 13. janúar 2018


Undirritun kennara


Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils